

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Úlfarsbraut 122-124.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 27. janúar 2016 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 122-124 við Úlfarsbraut. Í breytingunni felst að norðvesturmörk lóðar fyrir grunnskóla, leikskóla, frístundaheimili, menningarmiðstöð, almenningsbókasafn, íþróttahús og sundlaug er breytt þannig að lóð minnkar. Eftir breytinguna verða almenn bílastæði norðvestan við bygginguna á nýrri lóð og einnig reitir fyrir færanlegar kennslustofur. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gamla höfnin, Vesturbugt.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur þann 2. febrúar 2016, breytingu á deiliskipulagi Vesturbugtar, Gömlu hafnarinnar. Í breytingunni felst fjölgun íbúða. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 26. febrúar 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. mars 2016